

3. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á söluskatti eða álagi skv. 21. gr. laga um söluskatt, á tilskildum tíma, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til að full skil eru gerð.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá ríkisskattaneftnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum skv. 1. mgr., enda bjóði skuldari fram til tryggingar söluskattsskuldinni, lögbundnu álagi og kostnaði við innheimtu hennar, sjálfskuldaábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, með síðari breytingum og öðlast hún þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Ásmundur Vilhjálmsson.

Nr. 320

22. júní 1989

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. maí 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á staðfestu aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1978–1998 að umferðarkerfi og landnotkun á miðbæjar-svæði breytist sbr. uppdrátt frá Skipulagsstofu Austurlands dags. í mars 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1989.

F.h.r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 321

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1988.

Sjóður í ársbyrjun:

Landsbankainnstæða nr. 5268395	kr. 6 421
Vextir	kr. 2 113
	kr. 8 534

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Lára Haflíðadóttir.